

Fimmtudaginn 11. mars 1993.

Nr. 95/1993. **Ólafur L. Baldursson**
 gegn
Kristni Sigurjónssyni.

Kærumál. Lögmannsbókun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 4. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. febrúar 1993, er barst réttinum 1. mars 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. janúar 1993 verði hrundið og breytt á þá leið, að þóknun varnaraðila vegna starfa hans að flutningi á dómsmáli sóknaraðila gegn Vatnsleysustrandarhreppi á aukadómþingi Gullbringusýslu og fyrir Hæstarétti verði miðuð við fjárhæð þeirra skaðabóta, sem sóknaraðila voru dæmdar í málinu úr hendi hreppsins. Hann krefst og málskostnaðar fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um efni málsins og sóknaraðila gert að greiða honum málskostnað fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og kærumálskostnað.

Eftir fram komnum upplýsingum í máli þessu eru ekki efni til þess að hnekkja mati stjórnar Lögmannafélags Íslands á þóknun varnaraðila fyrir verk hans í þágu sóknaraðila. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. janúar 1993.

Í bréfi, dags. 17. mars 1992, fór Ólafur Baldursson, Grettisgötu 61, Reykjavík (sóknaraðili), þess á leit við stjórn LMFÍ, að hún kvæði upp

úrskurð um þóknun til Kristins Sigurjónssonar hrl. (varnaraðila) vegna starfa hans að málf lutningi í málinu: Ólafur Baldursson gegn Vatnsleysustrandarhreppi, en málið flutti lögmaðurinn bæði í héraði og fyrir Hæstarétti Íslands. Krafðist sóknaraðili þess, að þóknun varnaraðila yrði miðuð við tildæmda bótafjárhæð, 100.000,00 krónur.

Kallað var eftir greinargerð frá varnaraðila, og barst hún með bréfi, dags. 24. apríl 1992. Þar krafðist hann sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og gerði jafnframt þá kröfu, að ákvörðun gjaldskrárnefndar LMFÍ frá 19. nóvember 1991, þar sem nefndin ályktaði um hæfilega þóknun varnaraðila fyrir málf lutningsstarfið, yrði staðfest. Enn fremur krafðist varnaraðili þess, að sér yrði tildæmdur málskostnaður ásamt dráttarvöxtum 15 dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar, svo og, að árlega yrðu reiknaðir vaxtavextir.

Málavextir og málsástæður.

Í mars árið 1988 lét Vatnsleysustrandarhreppur rífa hús sóknaraðila, sem stóð á jörð hans, Knarrarnesi II, sem sóknaraðili hafði keypt árið 1981. Var niðurrif hússins sagt vera liður í hreinsunarátaki hreppsins á svæðinu, enda væri húsið ónýtt og af því stafaði slyshætta vegna hugsanlegs foks. Sóknaraðili fól varnaraðila að höfða mál gegn hreppnum og krefjast skaðabóta vegna ólöglegs niðurrifs hússins. Fyrir héraðsdómi voru gerðar þær kröfur, að hreppurinn yrði dæmdur til að greiða sóknaraðila 1.350.000,00 kr. í bætur auk vaxta og málskostnaðar. Bótakrafan var sett fram í fimm liðum, og var krafist bóta fyrir áætlað verð nýs húss, 700.000,00 kr., áætlaðan kostnað við gerð nýs grunns og plötu, 350.000,00 kr., byggingarefni, timbur og járn, sem í húsinu var, er það var rífið, 45.000,00 kr., og áætlaðan kostnað við að fjarlægja steiptan grunn, húsplötu og lagfæringu lands, 85.000,00 kr. Þá var krafist ómaksbóta, 100.000,00 króna.

Héraðsdómur dæmdi sóknaraðila bætur úr hendi hreppsins, enda hafði ekki verið að mati dómsins sýnt fram á það, að svo brýn nauðsyn hafi verið á tafarlausu niðurrifi hússins, að það hafi verið heimilt án undangenginnar tilkynningar til hans. Þótti því hreppurinn bera bótaábyrgðina. Við ákvörðun bótanna taldi dómurinn, að ekki væri fært að meta húsið sem fasteign, enda hefði það verið byggt í óleyfi, og fullyrti dómurinn, að leyfi til að ljúka smíði hússins hefði ekki fengist, m. a. vegna þess, að undirstöður þess voru ófullnægjandi, sbr. gr. 7.1. byggingarreglugerðar nr. 292/1979. Mat dómsins var, að með hliðsjón af því, sem fram hefði komið um ástand hússins og þess efnis, sem í því var geymt, væru bætur hæfilegar 100.000,00 kr., og var þá vísað til liða 1 og 3 í dómkröfunum. Ekki þótti rétt að dæma bætur á grundvelli liða 2 og 4 í dómkröfunum með vísan til þess, að undirstaða hússins hefði verið ófullnægjandi, auk heimildarlausrar byggingar þess. Kröfuna um ómaksbætur þótti skorta lagastöð, og

var hreppurinn sýknaður af henni. Auk dæmdra bóta og vaxta var hreppurinn dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað, 55.000,00 krónur.

Sóknaraðili áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með svipuðum rökstuðningi, þ. e., að húsið hefði verið reist í heimildarleysi á sínum tíma og auk þess verið nánast einskis virði. Í Hæstarétti var málskostnaður látinn niður falla.

Varnaraðili leitaði til gjaldskrárnefndar LMFÍ 19. nóvember 1991 og óskaði eftir álit nefndarinnar á pro forma reikningi, sem hann hafði gert vegna málflutningsstarfa í þágu sóknaraðila, en þar reiknaði hann sér í þóknun skv. gjaldskrá LMFÍ grunngjald og 15% af stefnufjárhæð, bæði fyrir málflutninginn í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 470.815,00 kr. Áður en gjaldskrárnefnd gaf álit sitt á reikningnum, spurði hún sóknar- og varnaraðila um það, hvernig stefnufjárhæðin í málinu hefði verið fengin og að frumkvæði hvers. Í svörum þeirra kom fram, að hvor um sig taldi hinn hafa ákveðið stefnufjárhæðina, og hvor þeirra taldi hinn hafa hafnað því að fá dómkvadda matsmenn til að meta tjónið. Álit gjaldskrárnefndar var það, að hæfileg þóknun til varnaraðila fyrir málflutninginn í héraði og fyrir Hæstarétti væri 268.315,00 kr. að frá töldum virðisaukaskatti.

Sóknaraðili sætti sig ekki við álit gjaldskrárnefndar og greinargerð varnaraðila frá 2. janúar 1992 um ráðstöfun bótanna inn á málskostnaðarreikninginn. Hann ritaði því stjórn LMFÍ bréf það, sem greint er frá hér að framan, og krafðist úrskurðar stjórnarinnar um málskostnaðarreikninginn.

Mál þetta hefur alls átta sinnum verið tekið fyrir hjá stjórn LMFÍ. Hinn 13. maí 1992 komu á fund stjórnarinnar sóknaraðili og Hákon Árnason hrl. fyrir hönd varnaraðila. Rædd var meðferð málsins fyrir stjórninni og lögð fram skjöl. Á fundum 3. júní og 10. júní 1992 voru enn lögð fram skjöl í málinu, auk þess sem reynt var að sætta aðila. Sættir tókust ekki, og var munnlegur málflutningur ákveðinn 16. september 1992. Ekki tókst að flytja málið þá vegna forfalla né 7. október, en 28. október fór fram munnlegur málflutningur. Áður en málflutningurinn hófst, gáfu aðilar skýrslu fyrir stjórn LMFÍ, auk þess sem frekari gögn voru lögð fram.

Við munnlegan flutning málsins krafðist sóknaraðili þess, að þóknun varnaraðila yrði miðuð við þá bótafjárhæð, sem sóknaraðila var dæmd með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 173/1989. Þá krafðist sóknaraðili málskostnaðar, er bæri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Varnaraðili krafðist þess, að staðfest yrði ákvörðun gjaldskrárnefndar LMFÍ frá 19. nóvember 1991 og að sóknaraðila yrði gert að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

— — —

Álit stjórnar LMFÍ.

Um þóknun lögmanna fer eftir ýmsum reglum, þ. á m. lögum nr. 61/1942 um málflytjendur og gjaldskrá LMFÍ.

Í 2. mgr. 2. gr. laga um málflytjendur segir svo: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.“

Í mörgum greinum gjaldskrár LMFÍ eru ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að þóknun lögmanna miðist við þá hagsmuni, sem um er fjallað hverju sinni. Á þetta hagsmunamat sér stoð í ofangreindri 2. mgr. 2. gr. laga um málflytjendur.

Hlutverk gjaldskrár LMFÍ er að vera grundvöllur fyrir gjalddöku lögmanna vegna starfa þeirra. Stjórn LMFÍ lítur svo á, að hafi ekki sérstaklega verið um annað samið, beri að leggja gjaldskrána til grundvallar við ákvörðun þóknunar lögmans, enda sé þóknunin hæfileg í skilningi 2. mgr. 2. gr. málflytjendalaga.

Í ágreiningsmáli því, sem hér er til úrlausnar, er ágreiningslaust með aðilum, að ekki var sérstaklega rætt um þóknun varnaraðila vegna málflytningu hans, hvorki grundvöll þóknunarinnar né upphæð hennar. Að mati stjórnar LMFÍ ber því að leggja ákvæði b-liðar 1. töluliðar 5. gr. (málflytningur fyrir héraðsdómi) og 2. töluliðar 5. gr. (málflytningur fyrir Hæstarétti) þágildandi gjaldskrár LMFÍ til grundvallar við ákvörðun þóknunar varnaraðila, enda hefur því ekki verið haldið fram, að leggja ætti annars konar viðmiðun til grundvallar. Þannig telur stjórnin, að reikna eigi þóknunina út frá tilteknum hagsmunum í málinu.

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum gjaldskrárinnar er málflytningu þóknun reiknuð sem ákveðið hlutfall af stefnufjárhæð í viðkomandi máli auk grunngjalds, þannig að eftir því sem stefnufjárhæðin er hærri, lækkar hlutfallstalan. Stjórn LMFÍ getur því ekki tekið undir þau sjónarmið sóknaraðila, sem áður hafa komið fram, að reikna eigi þóknunina einungis út frá dæmdum bótum.

Í bótamálinu gegn Vatnsleysustrandarhreppi virðist varnaraðili hafa gert ýrustu kröfur um bætur fyrir hönd sóknaraðila. Slík vinnubrögð eru eðlileg í málum af þessu tagi, þegar svo mikil óvissa er um ætlað tjón tjónþola. Hins vegar getur stjórnin fallist á, að hæpið sé í máli þessu að reikna málflytningu þóknunina út frá stefnufjárhæð, sem fengin er með ýrustu bóta-kröfum. Eðlilegra sé að miða þóknunina við fjárhæð, sem ætla má, að aðilar telji raunhæft, að fáist dæmd.

Í aðilaskýrslu sóknaraðila fyrir stjórn LMFÍ lýsti hann því yfir, að hann hefði ekki haft neinar skoðanir á verðmæti hússins, sem rífið var, og að hann hefði ekki gert sér neina grein fyrir bótafjárhæð í málinu né uppbygg-

ingu kröfugerðarinnar. Ljóst er þó af framburði hans fyrir aukadömpingi Gullbringusýslu, þegar bótamálið var flutt, að hann hefur talið húsið og efni, sem geymt var í húsinu, þó nokkurs virði, þótt ekki sé nefndar neinar krónutölur í því sambandi. Vísast um þetta til bls. 36-39 í ágripri af hæstaréttarmálinu nr. 173/1989.

Þegar mál þetta er virt, þykir jafnframt eiga að taka tillit til eftirfarandi atriða:

Varnaraðili gerði sóknaraðila aldrei grein fyrir áætluðum verkkostnaði bótamálsins, hvorki við undirbúning þess fyrir flutning í héraði né þegar því var áfrýjað til Hæstaréttar. Bar honum þó skylda til þess skv. 10. gr. siðareglna LMFÍ.

Ágreiningslaust er, að við mótun kröfugerðarinnar í bótamálinu var nokkur samvinna milli sóknaraðila og varnaraðila, og var sóknaraðila kynnt kröfugerðin fyrir málshöfðunina, án þess að hann gerði athugasemdir við hana.

Sóknaraðili tók sjálfur ákvörðun um áfrýjun málsins til Hæstaréttar Íslands.

Að þessu virtu og með hliðsjón af því, sem fram hefur komið við fyrir-tökur máls þessa hjá stjórninni, og með hliðsjón af gögnum málsins telur stjórn LMFÍ, að hæfileg þóknun varnaraðila, Kristins Sigurjónssonar hrl., fyrir málflutningsstörf hans í þágu sóknaraðila, Ólafs L. Baldurssonar, fyrir héraði og Hæstarétti Íslands sé 200.000,00 kr., og er þá ekki reiknað með virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Auk þess, sem nú hefur verið sagt, tekur stjórn LMFÍ eftirfarandi fram um niðurstöðuna:

Við munnlegan flutning ágreiningsmáls þessa taldi sóknaraðili, að við ákvörðun þóknunar varnaraðila bæri að taka tillit til þess, að hann hefði ekki sinnt starfi sínu nægilega vel við undirbúning málflutnings og í málflutningnum sjálfum. Eru atriði þessi rakin hér að framan svo og sjónarmið varnaraðila.

Að mati stjórnar LMFÍ eru þessi sjónarmið sóknaraðila ekki studd nægilegum rökum, og hafa þau því ekki áhrif á niðurstöðuna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hæfileg þóknun varnaraðila, Kristins Sigurjónssonar hrl., fyrir málflutningsstörf hans í héraði og fyrir Hæstarétti í þágu sóknaraðila, Ólafs L. Baldurssonar, er 200.000,00 kr., og er þá ekki reiknað með virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði.

Málskostnaður fellur niður.